

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar FENÚR fyrir starfsárið 2007-2008

Góðir aðalfundargestir. Að loknum síðasta aðalfundi FENÚR sem haldinn var 27. apríl í salnum á Álftanesi skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt: Formaður, sá sem hér stendur, hafði verið kosinn sérstaklega á aðalfundinum en önnur verkaskipting varð þessi:
varaformaður Pétur Bjarnason,
ritari Úlfar Haraldsson,
gjaldkeri Ragna Halldórsdóttir,
meðstjórnandi Helga J. Bjarnadóttir.
Stjórnin hélt 5 (nr. 96-100) formlega fundi á starfsárinu og voru aðalmenn og varamenn í stjórn boðaðar á fundina. Fundargerðir þessara funda liggja fyrir.

Aðalfundarráðstefna 2007

Eftir aðalfundinn í fyrra var haldin ráðstefna eins og venja hefur verið frá stofnun félagsins. Ögmundur Einarsson flutti fyrst kynningu á þeirri vinnu sem fram hafði farið við undirbúning og gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir Suðvestur horn landsins. Næsta erindi var flutt af Guðmundi B. Friðrikssyni skrifstofustjóra hjá Reykjavíkurborg en hann gerði grein fyrir afstöðu sveitarfélaganna til úrgangsstjórnunar. Pétur Reimarson hjá Samtökum atvinnulífsins gerði svo grein fyrir afstöðu atvinnulífsins til úrgangsstjórnunar. Að lokum kom umhverfisráðherra Jónína Bjartmarz og fór yfir afstöðu ríkisins til úrgangsstjórnunar.

Allir skiluðu þessir fyrrilestrar efni inn í umræðuna sem var tekin eftir kaffihlé. En Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttastjóri Stöðvar 2 stýrði panilumræðum í seinni hálfleik. Eins og þið eflaust munið var aðalfundurinn haldinn rétt fyrir alþingiskosningar. Í panellinn mættu fulltrúar þingflokka þau Katrín Jakobsdóttir VG, Dofri Hermannsson S, Illugi Gunnarsson D, og Guðjón Ólafur Jónsson B. Ágætis umræður áttu sér stað og þingmennirnir tilvonandi fóru örugglega af vettvangi betur upplýstari um málaflokkinn.

Að loknum fyrirlesturum og panil var tekið upp létt spjall yfir léttum veitingum í boði Gámaþjónustunnar hf.

Norðurferð FENÚR

Það var orðið tímabært að halda með FENÚR félagi norður á land og taka út þær margvíslegu framkvæmdir og áform á sviði úrgangsstjórnunar sem þar er nú unnið að. Hausráðstefna FENÚR varð að haustferð FENÚR 8. - 9. nóvember 2007.

Ferðin hófst á Sauðárkróki. Á meðan félagar voru að skila sér úr öllum áttum var farið í stutta áhugaverða kynningu í sítunarverksmiðju Loðskinns og Sjávarleðurs á Sauðárkróki. Ráðstefnan sjálf fór fram á Kaffi Króki og var yfirskriftin „Úrgangsmál Norðurlands -staðan og framtíðin“. Sveitarsjórinn Guðmundur Gunnlaugsson flutti ávarp og kynnti úrgangsstjórnun í Skagafirði í nútíð og framtíð. Sigurður Örn Hansson frá Landbúnaðarstofnun kynnti innihald reglugerðar nr. 820/2007 um meðhöndlun slátur og dýraleyfa og afurða sem unnar eru í kjötmjölsverksmiðjum og jarðgerðarstöðvum. Fulltrúar úrvinnslusjóðs, þau Íris Gunnarsdóttir og Már Karlsson, kynntu ársskýrslu úrvinnslusjóðs 2006 sem var ný út komin. Formaður FENÚR sagði frá aðalfundi ISWA og fór einnig yfir önnur mál FENÚR tengd. Eiður Guðmundsson framkvæmdastjóri Flokkunar ehf. flutti erindi um úrgangsstjórnun í Eyjafirði. Loka erindið var flutt af Ágústi Andrésyni framkvæmdastjóra Kjötafurðarstöðvar KS en hann sagði frá aðdraganda Jarðgerðar ehf. og hvernig væri staðið að vinnslu hjá því fyrirtæki.

Dagskrá var þar með lokið á Kaffi Króki og margir sáu þá staðinn í síðasta sinn því staðurinn brann til kaldra kola nokkru seinna. Erindin sem flutt voru á ráðstefnunni er að finna á heimasíðu FENÚR. Steinullarverksmiðjan var heimsótt og skoðuð hátt og lágt á leiðinni upp í Jarðgerð ehf. en þar var formleg opnun á starfseminni í viðurvist FENÚR félaga og annar fyrirmanna. Jarðgerð ehf. er stofnað af fyrirtækjum á Sauðárkróki og sveitarfélaginu. Megin magnið sem er unnið er sláturúrgangur en einnig fara inn í ferlið framleiðsluleifar frá Steinullarverksmiðjunni og lífrænn úrgangur frá sveitarfélaginu. Afurðin er molta sem hefur náð 60-70°C á vinnsluferlinu og er verið að vinna í að finna hagkvæmustu notkunarmöguleika moltunnar. Ómar Kjartansson eignandi Gámaþjónustu ÓK bauð ráðstefnugesti velkomna í nýbyggingu Flokku ehf. en þar er Ómar að byggja upp flokkunar og móttökustöð fyrir sveitarfélagið og fyrirtækin. Boðið var upp á veitingar og kynningu á fyrirhugaðri starfsemi í húsinu. Kvöldmatur var snæddur í Varmahlíð undir söng Álftagerðisbræðra. Gist var á Akureyri um nóttina. Seinni dagur ferðarinnar hófst á rútuferð uppí Glerárdal en þar var athafnasvæði Tætingar skoðað en Tæting hefur um árabíl tekið við sláturúrgangi sem hefur verið jarðgerður með múgaadferð og moltan nýtt sem þekjuefni á urðunarstaðnum. MEST hf. var með sýningu á mulningsskóflu sem hentar vel til vinnslu á óvirkum úrgangi eins og múrbroti og steypu. Fylgst ver með daglegum störum á urðunarsvæðinu áður en haldið var til Húsavíkur. Hafsteinn Hörður Gunnarsson nýráðinn framkvæmdarstjóri Sorpsamlags Þingeyinga tók á móti hópnum og hélt erindi um úrgangsstjórnun á Húsavík og þeim endurbótum sem farið hafa fram á brennslustöðinni. Sláturhús Norðlenska var heimsótt og skoðaður þar nýr búnaður sem fjarlægir meltingarfærainnihald úr sláturúrgangi lamba. Fóðurleifarnar eru notaðar til uppgræðslu á Hólasandi en sláturúrgangurinn er jarðgerður í Glerárdal. Brennslustöðin Víðimóar var skoðuð og einnig var kynning á Orkuveitu Húsavíkur sem er að hluta í næsta húsi við brennslustöðina.

Heimasíða FENÚR

Heimasíða FENÚR (fenur.is) var starfrækt og er þægilegt tæki til að hafa samband við félagsmenn og aðra þá sem hafa áhuga á málaflökknum. Dóra Sif Sigurðardóttir sá að mestu um uppfærslu og fleira sem tengist síðunni. Á síðunni er nú að finna ýmsan fróðleik um FENÚR og almennan fróðleik um úrgangsmál en auk þess er auðvelt að tengjast öðrum skyldum heimasíðum. Félagsmenn mættu gjarnan senda efni sem þeir telja að geti átt erinda inn á síðuna.

Starfshópar

Virgni starfshópa á vegum félagsins hefur legið niðri og ekki hefur heldur orði vart við þörf félagsmanna fyrir slíkri vinnu. Á síðasta aðalfundi var lögð fram tillaga þess efnis að taka til endurskoðunar hlutverk og tilgang ráðgjafarstjórnar. Umræða um málið hefur verið tekin í stjórn oftast en einu sinni og er stefna tekin á að endurskoða samþykktina fyrir næsta aðalfund með það að markmiði að taka út ákvæði um ráðgjafastjórn og það sem henni tilheyrir. Hvorki hafa komið fram óskir félagsmanna um setu í ráðgjafastjórn eða tillögur um verkefni fyrir ráðgjafastjórn.

NAF (áður DNR)

Björn Halldórsson og formaður FENÚR tóku þátt í árlegum fundi NAF (Nordisk Affald forening) á Svalbarða 3.- 6. júní. Einnig sat formaður fund sem NAF hélt fyrir aðalfund ISWA. NAF stendur fyrir samráðsfundum félaga á borð við FENÚR á Norðurlöndum. Kostnaður vegna þátttöku í þessum fundum hefur verið greiddur af

SORPU og Sorpstöð Suðurlands án þátttöku FENÚR og kunnum við þeim fyrirtækjum bestu þakkir fyrir.

Aðalfundur ISWA og ráðstefna

Formaður FENÚR sótti aðalfund ISWA í Amsterdam en það eru ásamt NAF einu alþjóðalegu samtökin sem FENÚR á fulla aðild að. Daginn fyrir aðalfund ISWA var haldinn for-aðalfundur og eftir hann hittust fulltrúar norðurlandana (NAF) og fóru yfir meðal annars væntanlegar kosningar á aðalfundinum. Helsta atriði á aðalfundinum að þessu sinni utan almennra aðalfundarstarfa var umræða um hvor flytja eigi aðalstöðvar ISWA, Austurríki og Ástralía koma helst til greina. Ákveðið var að skoða málið frekar og er nú í lok aprílmánaðar 2008 von á niðurstöðum kosninga um hvort flutt verður til Austurríkis.

Þriggja daga ráðstefna fylgdi svo í kjölfarið. Þar voru haldnir margir fyrirlestrar. Yfirskrift ráðstefnunar var „Challenging the future“ og má segja að City management, borgar umhirða, og Global climate control, hnattræn loftlagsstjórnun, hafi verið undirþema. Margir mjög áhugaverðir fyrirlestrar voru haldnir og skiptu formaður FENÚR, Björn Halldórsson og Guðmundur B. Friðriksson þeim nokkuð bróðurlega á milli sín, en að jafnaði voru fimm fyrirlestrar í gangi á hverjum tíma. Svo nefnd séu einhver áhugaverð atriði þá sat fyrirlestur Michael Braungart lengi í mér en hann fjallaði um „Cradle to Cradle“ hugmyndafræðina en stutt lýsing á því væri að hönnun á öllum vörum og umbúðum miðaði við að efnin sem varan er gerð úr væru nothæf hráefni til endurnotkunar. En bókin sem hann skrifaði „Cradle to Cradle“ er prentuð á plast sem á að vera endurnotanlegt út í hið óendanlega. Annað efni sem nokkrir fyrirlesarar meðal annarra Sandra Cointreau frá Alþjóða bankanum fjölluðu um var úrgangs Ó stjórn í vanþróðu löndunum. Það er auðvelt að gleyma sér í eigin heimi en í vanþróðu löndunum eru stór vandamál, miklu fleira fólk, mikill úrgangur, fátækt, og mjög bágbornar aðstæður til að farga sorpi með réttum hætti. Við Sáum eflaust flest myndaseríu í Morgunblaðinu nýverið en það voru myndir af aumu lífi fólks sem bjó á ruslahaug í Suður Ameríku.

ISWA vinnur gríðarlega merkilegt starf og má í því sambandi benda á heimasíðuna iswa.org. Einkum er þetta sjálfbodaliðsstarf í starfhópum en samtökin hafa auk þess nokkra starfsmenn á skrifstofunni í Kaupmannahöfn og er heildarvelta samtakanna rúmlega 6 milljónir danskra króna. Til samtakanna teljast tæplega 1.000 aðilar, fyrirtæki af ýmsum gerðum, samtök, sveitafélög og ýmis svæðisyfirvöld í 36 löndum í öllum heimsálfum.

Umhverfisráðuneytið hefur styrkt FENÚR til farar á aðalfund og ráðstefnu ISWA síðastliðin ár og var engin breyting þar á í þetta skiptið. Þökkum umhverfisráðherra stuðninginn.

Næsti aðlafundur ISWA verður í Singapore 3. - 6. nóvember nk.

Umhverfisráðherra

Formaður og gjaldkeri FENÚR fóru á fund Þórunnar Sveinbjarnardóttur stuttu eftir að hún tók við sem Umhverfisráðherra, 18. september nánar tiltekið. Á þeim fundi var ráðherra kynnt starfsemi FENÚR og tekið létt spjall um úrgangsstjórnun.

Nýir félagar

Sem liður í útbreiðslu FENÚR og öflun nýrra félaga var kynning á haustfundi FENÚR dreift víðar en áður hefur verið gert. Var þá sérstaklega reynt að koma þessum upplýsingum á verkfræðistofur og tæknideildir sveitarfélaga.

FENÚR fréttir

Stjórn FENÚR samdi við Gyðu Björnsdóttir um að ritstýra og annast útgáfu fréttablaðs FENÚR og hafa komið út 3 tölublöð á árinu. Upplagið hefur verið um 100 – 200 eintök og hefur fréttabréfið verið sent á félagsmenn og fengið góðar móttökur.

FENÚR merkin

FENÚR hefur haldið áfram að annast að láta framleiða og selja límmerki sem sýna hin ýmsu úrgangsflokka. Notkun merkjanna hefur farið hægt og bítandi vaxandi og telja flestir að vel hafi tekist til þegar á heildina er litið. Sala á merkjunum hefur í gegnum tíðina gefið FENÚR nokkrar tekjur, en þó er reynt að stilla verði þeirra í hóf til að hátt verð torveldi ekki söluna. Reglulega koma óskir um ný merki og breytingar á núverandi merkjum. Mikilvægt er að merkin og notkun þeirra sé eins og reglur þar kveða á um á hverjum tíma. Það er hætt við að merkin missi marks ef þau birtast fólki í síbreytilegri mynd. Stjórn FENÚR hefur reynt að verða við þeim óskum um ný merki og breytingar eftir því sem telja má skynsamlegt. Sú nýjung var tekin upp að bjóða uppá FENÚR merki með íslenskum og enskum texta. Einnig eru tvö merki í endurskoðun en það eru merkin Brotajárn og Flísar keramik og gler. Myndirnar á þessum tveimur merkjum þykja villandi. Best er ef einhver einn hlutur getur verið einkennandi fyrir hvern flokk en stundum þarf fleiri hluti inn á hverja mynd svo skilaboðin komist til skila.

Daglegt amstur

Starfsfólk SORPU annast daglegan skrifstofurekstur fyrir FENÚR svo sem innheimtu félagsgjalda, færslu bókhalds, rekstur heimasíðu og sölu og útsendingu límmerkja í samræmi við samning þar um.

Markmið FENÚR

Að lokum langar mig að rifja upp með ykkur helstu markmið FENÚR sem félagið setti sér við stofnun þess fyrir 10 árum en þau eru eru:

- Að stuðla að minnkun úrgangs í samfélaginu.
- Að auka þróun í meðhöndlun og meðferð úrgangs.
- Að vera leiðandi afl í umfjöllun um úrgang og meðferð hans.
- Að vera leiðandi í öflun upplýsinga um þróun og meðferð úrgangs í heiminum og dreifa upplýsingum til félagsmanna sem og á opinberum vettvangi.
- Að hafa áhrif á setningu laga og reglugerða er varða úrgang og meðhöndlun hans.

Markmiðum nær FENÚR meðal annars með því að:

- Halda uppi faglegri umræðu.
- Afla og dreifa þekkingu til félaga og yfirvalda.
- Útgáfustarfsemi.

- Ráðstefnuhaldi.
- Hvetja til og standa að þróunarverkefnum.
- Eiga góða samvinnu við aðra sem tengjast málaflokknum.
- Taka þátt í samstarfi, norrænu sem og alþjóðlegu.

Af þessari upptalningu lokinni þarf ekki að hafa mörg orð um að enn eru næg verkefni fyrir félagið og margt óunnið.

Í lokin

Ég hef nú gegnt formennski FENÚR í 2 ár og finnst eðlilegt að formenn sitji í 2 til 4 ár í senn. Ég gef þar af leiðandi áfram kost á mér sem formaður FENÚR á þessum aðalfundi.

Að svo mæltu þakka ég stjórn og öllum félagsmönnum samstarfið á því starfsári sem er að ljúka.

Flutt á aðalfundi FENÚR í Garðaholti, Garðabæ þann 18. apríl 2008.

F. h. Framkvæmdastjórnar FENÚR,

Guðmundur Tryggvi Ólafsson
formaður stjórnar